

Leið 9

Marardalur – Vörðu-Skeggi

Erfiðleikastig 3. 8,3 km (Frá upphafspunkti í Dyradal)

Erfið leið sem reynir nokkuð á úthald. Mjög brött leið í fyrstu.

Leiðin hefst í Dyradal (leið 1). Úr Marardal er gengið til suðurs um klettaskarð að vegpresti í gilinu, þar er vísað á Engidal/Sleggjubeinsskarð (leið 4), við ætlum leiðina sem vísar á Vörðu-Skeggja. Frá vegprestinum er haldið beint af augum upp mjög bratta gróna hlíð til austurs, auðvelt er að fóta sig í brekkunni þrátt fyrir brattann. Á þessari leið er mesta hækkun tekin strax í fyrstu brekku um 3-400 metrar. Útsýni er stórkostlegt til vesturs og falletg að horfa niður í Engidal og Marardal. Slóðin þarna er fremur óljós, þetta er sennilega ein fáfarnasta leið á Hengilssvæðinu, en eins og á öðrum leiðum eru stikur mjög greinilegar. Þessi leið er sérstaklega skemmtileg þolraun sem óneitanlega vekur sigurtilfinningu þegar upp er komið. Ofan hlíðar tekur við stór mosavaxin slétta þar sem Vörðu-Skeggi gnæfir yfir til norðurs. Slóðin liggur yfir sléttuna og sveigir til suðurs þar sem krækt er upp með gilskorningi inn á mikla móbergssléttu sem teygir sig langa leið til suðurs. Haldið er að vegpresti beint framundan sem skiptir leiðum, önnur niður í Sleggjubeinsskarð (leið 10), hin sem fylgt er áfram á Vörðu-Skeggja. Sjá leið B.